

Kratus ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 24. janúar 2014
Tilvísun: UST20130800010/gsá

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf frá 1. nóvember sl. þar sem stofnunin áformaði áminningu og krafðist frekari úrbóta vegna frágangs saltköku á lóð **Kratusar ehf.** Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun með tölvupósti þann 5. nóvember sl. en taldi stofnunin þá áætlun ekki fullnægjandi og með bréfi dagsettu þann 8. nóvember 2013 var rekstraraðila sent bréf þar sem fram komu ábendingar um það með hvaða hætti uppfylla skuli nýja úrbótaáætlun svo fullnægjandi teljist. Voru skilyrðin eftirfarandi:

- Að fyrir liggi staðfesting byggingafulltrúa að heimilt sé á þessu svæði, að nýta ofangreinda geymslu fyrir tímabundna geymslu af þessu tagi.
- Að fyrir liggi staðfesting eða yfirlýsing eigenda geymslunnar að hann samþykki þessa tímabundnu ráðstöfun.
- Að fyrir liggi tímasett áætlun af hálfu Kratusar ehf. um útflutning úrgangs frá fyrirtækinu þannig að ekki safnist meira upp en orðið er.
- Að flutningur saltköku frá lóð Kratusar ehf. í umrædda geymslum verði á ábyrgð viðurkennds flutningsaðila með starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskaði eftir að ofangreind gögn lægju fyrir sem fyrst og yrðu send Umhverfisstofnun til staðfestingar fyrir **21. nóvember sl.** Stofnunin hefur mótttekið staðfestingu byggingafulltrúa og yfirlýsingu eigenda skv. 1. og 2. lið hér að ofan. en ennþá vantar tímasetta áætlun úrbóta og ábyrgðaryfirlýsingu flutningsaðila.

Umhverfisstofnun hefur enn ekki hefur borist staðfesting á tímasettri áætlun úrbóta né ábyrgðaryfirlýsingu viðurkennds flutningsaðila skv. lið 3 og 4 hér að ofan. Stofnunin veitir því Kratus ehf. áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti. Stofnunin veitir Kratus ehf. frest til að senda umbeðin gögn til og með 10. febrúar 2014.

Sinni Kratus ehf. ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 261/2012, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við G. Stellu Árnadóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á gstella@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands